

FUNDARGERÐ

166. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Austurvegur 17 í Vík
Fundartími: Miðvikudagur 24. mars 2010 kl. 16:00.
Mættir: Undirritaðir aðalmenn og varamenn fræðslunefndar. Andrína G. Erlingsdóttir boðar forföll.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

Á fundinn eru mætt: Magnús Sæmundsson skólastjóri, Halla Ólafsdóttir deildarstjóri leikskóla, Kristinn Jóhann Níelsson deildarstjóri tónskóla, Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir fulltrúi grunnskólakennara og Æsa Gísladóttir fulltrúi foreldraráðs grunnskóla. Anna Björnsdóttir deildarstjóri grunnskóla og Victoria Jónsson fulltrúi foreldra leikskólalabarna boða forföll.

- 1. Skóladagatal.**
Magnús segir að vinna við skóladagatal næsta skólaárs sé hafin.
- 2. Starfsmannamál**
Magnús upplýsti að auglýst hefði verið eftir starfsfólki í leik- og grunnskóla. Einnig var staða deildarstjóra grunnskólans auglýst. Umsóknarfrestur rennur út 12.apríl n.k.
- 3. Skólaráð.**
Magnús upplýsti að skólaráð hefði haldið sinn 1. fund 15. mars s.l.
Í skólaráði sitja Katrín Waagfjörð, Guðrún María Jóhannesdóttir, Ragnheiður Högnadóttir, Birkir Grétarsson, Magdalena Katrín Sveinsdóttir, Martina Hannelore Tómasson, Helga Viðarsdóttir og Magnús Sæmundsson.
Enn vantar einn fulltrúa sem valinn verður úr grenndarsamfélaginu.
Fyrir skólaráði lá fyrir Menntastefna Mýrdalshrepps.
Skólaráðið samþykkti Menntastefnuna með áorðnum breytingum fyrir sitt leyti.
- 4. Menntastefna**
Menntastefna Mýrdalshrepps lögð fram.
Þorgerður sagði nefnd um Menntastefnuna hafa hist á 10 fundum. Harpa Jónsdóttir á veg og vanda að útliti Menntastefnunnar og var Menntastefnan prófarkarlesin af Önnu Björnsdóttur deildarstjóra Víkurskóla.
Í nefndinni sátu Þorgerður Einarsdóttir, Inger Schiöth, Andrína G. Erlingsdóttir f.h. fræðslunefndar og Tryggvi Ástþórsson og Harpa Jónsdóttir f.h. grenndarsamfélagsins.
Þorgerður kallaði eftir athugasemdum.
Fundarmenn eru ánægðir með Menntastefnuna.
Fræðslunefnd samþykkir Menntastefnu Mýrdalshrepps fyrir sitt leyti.
- 5. Mötuneyti.**
Frá síðasta fundi en þar lagði Inger lagði fram vinnublað vegna kostnaðar á máltíð í mötuneyti Víkurskóla. Óskað var eftir að máltíðin fari úr 250 krónum í 280 krónum. Ástæðuna má rekja til 13,5% hækkunar á hráefniskostnaði 2009 og 12,80% hækkun á launakostnaði á árinu 2009.
Magnús og Þorgerður áttu góðan fund með forsvarsmanni Hjallatúns, Guðlaugu Guðmundsdóttur og Kristínu Einarsdóttur matráði.
Niðurstaðan er sú mötuneytisverð verður ekki hækkað á þessu skólaári en leitað verður annarra leiða til hagræðingar.

6. Önnur mál.

Kristinn lagði fram minnisblað til kynningar Frestað til næsta fundar.

Magnús sagði frá rýmingaræfingu í Víkurskóla og sagði hana hafa tekist mjög vel í alla staði.

Árshátíð Víkurskóla fer fram í kvöld.

Fundi slitið kl.17:30

Guðný Sigurðardóttir	Þorgerður Einarsdóttir formaður	
Inger Schiöth		Lára Oddsteinsdóttir